

## 11. fundur miðvikudaginn 19. janúar 2022

### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2022  
Farið yfir verklegar framkvæmdir í byrjun varðandi viðhald og endurbætur á orlofshúsum. Síðan kostnaðar vegna námskeiða og ráðstefna. Samþykkt að láta tölur standa, burt sé frá hvað hægt verður að gera. Voru rekstrarliðir síðan kynntir fyrir fundarmönnum og áætlunin samhljóða.
2. Áætlun við mótun kröfugerðar FVSA vegna komandi kjarasamninga.  
Eiður sagði frá áætlunum sem framundan eru í vinnu vegna kröfugerðar félagsins vegna komandi kjarasamninga.  
Nokkrir fundir og könnun meðal félagsmanna hafa þegar verið skipulögð og dagsett.  
Áætlun samþykkt og einnig að fá Gallup til að sjá um könnunina meðal félagsmanna, líkt og gert var 2018.
3. Tillaga um kosningu löggilts endurskoðanda fyrir aðalfund 2022.  
Samþykkt að leggja til Enor ehf.
4. Fjárfestingarstefna FVSA 2022  
Samþykkt drög að stefnunni fyrir aðalfund.
5. Framlag í vinnudeilusjóð 2022.  
Samþykkt kr. 3.000.000.-
6. Tillaga fyrir aðalfund um laun stjórnar og trúnaðarráðs kr. 27.500.-
7. Aðalfundur skipulag.  
Umræður urðu um skipulag fundarins og frekari ákvarðanir verða í höndum skrifstofunnar og kynntar nánar á næsta fundi.
8. Önnur mál.  
Halldór Óli Kjartansson sagði frá fundi hjá Tækifæri sem hann sat. Stefán Jónsson ræddi um leiguverð í Skógarseli.

Fleira ekki gert og fundi slitið.